

Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

Fjarfundur var haldinn í samstarfsnefnd Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) og Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 18. desember 2020.

Fulltrúar LSS voru: Hermann Sigurðsson, Bjarni Ingimarsson og Magnús Smári Smáráson. Fulltrúar SNS voru: Benedikt Valsson, Ellisif Tinna Víðisdóttir, Berglind Eva Ólafsdóttir, Harpa Ólafsdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Sveitarfélag – slökkviliðsstjóri – Endurupptaka máls

Fulltrúar SNS fóru fram á að mál nr. 4 frá 90. fundi og mál nr. 3 frá 94. fundi samstarfsnefndar LSS og SNS verði tekið upp aftur til umræðu og endurskoðunar. Upphafleg upphæð sem bæjarráð Fjallabyggðar samþykkti þann 12. desember 2008 um að greiða samtals 180.000 kr. fyrir bakvaktir slökkviliðs. Fjárhæðin hefur ekki breyst síðan árið 2008 en SNS leggur áherslu á að málið verði klárað með þeim hætti að upphæðin verði framreiknuð miðað við hækkun grunnlauna slökkviliðsstjóra og leiðrétt gagnvart viðkomandi starfsmönnum slökkviliðsins miðað við staðnar bakvaktir.

Niðurstaða:

Samstarfsnefndin er sammála um að aðilar fari saman yfir útreikningana og félagið kynni tillöguna fyrir viðkomandi félagsmönnum.

Fleira ekki gert.